

Sp.

400. Tillaga til þingsályktunar

[180. mál]

um rafvæðingu byggða í Vestur-Barðastrandarsýslu.

Flm.: Hannibal Valdimarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta, svo fljótlega sem unnt er, ljúka undirbúningsrannsóknum og áætlunargerð um virkjun Suðurfossár í Rauðasandshreppi með það fyrir augum að fullnægja orkuþörf byggðanna í Barðastrandshreppi og Rauðasandshreppi til ljósa og eldunar, svo og til húshitunar og vélanotkunar.

Jafnframt verði til samanburðar könnuð önnur vatnsföll á þessu svæði með tilliti til virkjunar.

Þá sé í þriðja lagi gerð kostnaðaráætlun um fullnægjandi lausn þessara mála með samveitu frá Mjólkárvirksjun.

Loks felur Alþingi ríkisstjórninni að hefjast handa um rafvæðingu Barðastrandshrepps og Rauðasandshrepps, þegar er úr því hefur fengið skorið, hvernig þessi lífsnauðsynjamál Vestur-Barðastrandarsýslu verði best leyst og með hagkvæmstum hætti.

Greinargerð.

Engin umbótamál eru brýnni byggðunum vestan Patreksfjarðar, svo og Barðastrandshreppi, en rafvæðing þessara byggðarlaga.

Það má því sízt úr hömlu dragast, að lokarannsókn fari fram á því, með hvaða hætti orkumál þessara byggðarlaga verði best leyst.

Kemur þá sérstaklega til greina virkjun Suðurfossár á Rauðasandi. En einnig telja kunnugir, að fleiri vatnsföll á þessum slóðum gætu komið til álita um hagstæða virkjunaraðstöðu.

Þess vegna telja flutningsmenn tillögunnar sjálfsagt, að sérfræðileg könnun fari einnig fram á öðrum vatnsföllum, svo að samanburður fái og unnt verði að velja þann virksjunarstað, er best leysti orkuþörfina og á hagkvæmasta hátt.

Ef næg orka er enn fánæg frá Mjólkárvirksjun til rafvæðingar Rauðasandshreppi og Barðastrandshreppi, þer einnig að gera kostnaðaráætlun um lagningu sæstrengs vestur yfir Patreksfjörð og orkuveitukerfi um Rauðasandshrepp og suður um Barðaströnd, svo að úr því fái skorið, hvort sú úrlausn standist samanburð við sérvirksjunarleiðina.

Í þessu sambandi skiptir það eitt máli, að allar líklegustu leiðir séu kannaðar án óþarfa tafa og sú þeirra valin, sem að öllu athuguðu reynist hagkvæmst.

Full hætta er á eyðingu þessara byggða, ef langur dráttur verður enn á því, að þær fái raforkuna í þjónustu heimilanna og atvinnulífsins.

Vakir fyrir flutningsmanni, að raforkan á þessu takmarkaða svæði væri ekki aðeins tekin til lýsingar og suðu, heldur einnig til húshitunar og vélanotkunar, svo sem súgburrkunar.

Þá þarf hið opinbera einnig á raforku að halda á þessu svæði til ýmissa nota, svo sem vitanna, drengjaheimilisins í Breiðuvík, skólanna í Örlygshöfn og á Barðaströnd, félagsheimila á svæðinu og síðast, en ekki sízt til hins mikla flugvallar á Sandodda, sem ekki hefur nema hálf notagildi, fyrr en hann hefur fengið fullnægjandi lýsingu. Þarf ekki um það að fjölyrða, að af öryggisástæðum er óverjandi að láta flugvöllinn vera ólýstan lengur en orðið er.

Þannig hniga að því margvísleg rök, að framkvæmd þessara mála verði hraðað, enda leggur flutningsmaður til, að ríkisstjórninni sé falið að hefjast þegar handa, er ljóst er orðið, hvernig orkuþörfin verði fullkomlega leyst og á hagkvæmasta hátt.

Er það von flutningsmanns, að tillaga þessi fái afgreidd, áður en þessu þingi lýkur.

Fylgiskjal.

RAFVÆÐINGARNEFND V.-BARÐASTRANDARSÝSLU.

28. jan. 1967.

Á aðalfundi sýslunefndar Vestur-Barðastrandarsýslu, sem haldinn var á Patreksfirði dagana 1.—3. júní s. l., var sýslumanni falið í samráði við Hafstein Davíðsson að skipa þrjá menn í nefnd til að kanna alla tiltæka möguleika til raforkuvinnslu í héraðinu með það fyrir augum, að öll býli í héraðinu fái rafmagn sem allra fyrst með aðstoð hins opinbera.

Nefnd þessi er þannig skipuð:

Hafsteinn Davíðsson, rafveitustjóri, Patreksfirði, formaður, Bragi Thoroddsen, búfræðingur og vegaverkstjóri, Patreksfirði, Snæbjörn Thoroddsen, oddviti, Kvígindisdal, og Ásberg Sigurðsson, sýslumaður, sem er ritari nefndarinnar.

Þar sem nefndin telur, að gott samstarf við þingmenn kjördæmisins sé skilyrði fyrir því, að einhver árangur náist við lausn þessara mála hér, leyfir hún sér að senda þingmönnum þetta bréf og skýra sjónarmið sitt og starf, jafnframt því sem nefndin óskar eftir góðu samstarfi við þingmennina.

Rafvæðingarnefndin hefur haldið tvo fundi, en ráðgert er að geta gefið sýslunefnd góða greinargerð um störf nefndarinnar og þessi mál á næsta aðalfundi hennar í vor.

Rafvæðingarnefndin hefur óskað eftir upplýsingum frá raforkumálastjóra varðandi það, hvað sé að gerast á vegum raforkumálastjórnarinnar í þessum málum hér í Vestur-Barðastrandarsýslu. Einnig hefur raforkumálastjóri verið beðinn um upplýsingar varðandi hagkvæmni húshitunar með rafmagni. Bráðabirgðasvör hafa nú þegar borizt.

Það, sem meðal annars hefur verið bókað á fundum nefndarinnar, er eftirfarandi:

„3. Nefndin telur það höfuðverkefni sitt að vinna að lausn raforkumála í Vestur-Barðastrandarsýslu, en telur nauðsynlegt, að leitað verði samstarfs við önnur byggðarlög um samvinnu um raforkumál hér á Vestfjörðum.

4. Eins og sölu raforku er nú háttáð hér á Vestfjörðum, virðist vera, að orkuskortur sé þegar orðinn, eða fram undan. Komið er í veg fyrir raforkusölu til húshitunar og reynt að halda niðri eðlilegri aukningu raforkunotkunar á öðrum sviðum með óheppilegri verðlagningu raforkunnar.

Nefndin lítur svo á, að frumskilyrði fyrir rafvæðingu dreifbýlis sé, að raforkan verði látin leysa orkupörf byggðarlaganna til ljósa og eldunar, svo og til húshitunar og vélanotkunar, svo sem mögulegt er.

Með tilliti til þessa telur nefndin, að virkjun Suðurfossár á Rauðasandi (1750 kw) sé mjög vænleg til lausnar á rafmagnsmálum stærstu sveitabyggða vestursýslunnar og reyndar heppileg til viðbótar við aðrar rafvirkjanir á Vestfjörðum í Mjólkám og vatnsorkuverin við Ísafjörð með samkeyrslu fyrir augum.

5. Samþykkir nefndin því samhljóða að beina því til sýslunefndar Vestur-Barðastrandarsýslu, að hún beiti sér fyrir samstöðu sýslufélagsins og sveitarfélaganna hér í sýslunni um:

a. Að láta fullgera nú þegar þá áætlun um virkjun Suðurfossár á Rauðasandi, sem að frumkvæði Rafveitu Patrekshrepps hefur verið byrjað á og nokkur undirbúningsvinna þegar verið framkvæmd.

b. Að konnað verði önnur svæði sýslunnar með tilliti til virkjunar og gerður verði samanburður á ýmsum leiðum til heildarlausnar þessara mála.

c. Að gott samstarf verði haft við þingmenn kjördæmisins og þeim falið að útvega fé til rannsóknanna.

- d. Að rannsóknir og áætlanir þessar verði gerðar á vegum sýslunnar og/eða sveitarfélaganna. Þau undirbúningsstörf og áætlanir, sem þegar hafa verið gerðar, verði nýtt og reynt að afla ýmissa upplýsinga frá raforkumálastjóra eða hverjum öðrum varðandi þessi mál, sem nefndin hefur reyndar nú þegar haf-
izt handa um.“

F. h. Rafvæðingarnefndar V.-Barðastrandarsýslu,

Ásberg Sigurðsson.